



Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarsvið
b.t. sviðsstjóra dr. Bjarki Jóhannesson
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 4.apríl 2014

Efni: Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Undirritaður hefur fyrir hönd Kirkjugarðaráðs kynnt sér þá þætti í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varða kirkjugarðinn og umhverfi hans.

Á uppdrætti 1; þéttbýli og uppland, er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins (K1) til norðurs. Kirkjugarðaráð vill taka undir með forsvarsmönnum Kirkjugarðs Hafnarfjarðar, að sem fyrst verði farið að huga að þeirri stækkun, þar sem lausum grafarstæðum í núverandi garði fer ört fækkandi.

Það kemur til með að valda miklum erfiðleikum ef ekki verða til ný grafarsvæði þegar á þarf að halda, en fyrir liggja miklir jarðvegsflutingar og vinna við að gera fyrirhugaða stækkun garðsins grafartæka.

Kirkjugarðaráð tekur heils hugar undir það sem fram kemur í greinargerð með skipulaginu, að brýnt sé að huga að nýjum kirkjugarði fyrir lok skipulagstímabilsins, þar sem að öllu óbreyttu komi fyrirhuguð stækkun aðeins til með að endast í nokkur ár í viðbót. Af hálfu sveitarfélagsins fylgir því mikil undirbúningsvinna að taka upp nýjan garð og brýnt að það sé gert í góðri sátt við stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.

Vísast að öðru leiti til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 frá 4. maí 1993, þar sem fram koma skyldur og réttur sveitarfélaga vegna kirkjugarða og einnig viðmiðunarreglna Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29 júní 2007 um kirkjugarðastæði og fleira

Virðingarfyllst,
f.h. Kirkjugarðaráðs

Guðmundur Rafn Sigurðsson
framkvæmdastjóri